

við 1. mgr. 28. gr. og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ketill Hliðdal Jónasson, greiði 3000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kl. 600.00. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 172/1953. **Ákærvaldið** (Theodór B. Línal)

gegn

Guðnýju Jóhannesdóttur

(Egill Sigurgeirsson).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Brot gegn 206. gr. alm. hegningarlaga og lögum nr. 59/1936.

Sýknað af ákæru um brot á lögum um gistihúshald.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppögu héraðsdóms. Komu þá fyrir dóm vitnin D og E, sem unnu eið að því vætti sínu, að þær hefðu nokkrum sinnum sumarið 1952 fengið ásamt karlmönnum gegn gjaldi afnot herbergis hjá ákærðu og haft þar samfarir.

Leiga ákærðu á herbergi til þeirra nota, sem í málinu greinir, þykir eigi verða talið gistihúshald í merkingu 2. gr. laga nr. 21/1926. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu af ákæru um brot gegn því lagaboði. Atferli ákærðu varðar hins vegar við 1. mgr. 206. gr. laga nr. 19/1940 og 10. gr. sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1936.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Guðný Jóhannesdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theodórs B. Línalds og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. marz 1953.

Ár 1953, föstudaginn 13. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 839/1953: Ákærvaldið gegn Guðnýju Jóhannesdóttur, sem tekið var til dóms 3. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 19. desember f. á., er ákærða, Guðný Jóhannesdóttir, verkakona, Bústaðahverfi 2, hér í bæ, ákærð „fyrir að hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind og gerzt sek um brot á lögum um eftirlit með útlendingum og lögum um veitingasölu og gistihúshald o. fl. samkvæmt 1. málsg. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, 10. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 59 frá 1936 og 2. gr. laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl. nr. 21 frá 1926, með því á tímabilinu frá júlí til september 1952 að leigja út af íbúð sinni að Bústaðahverfi 2 annað herbergi íbúðarinnar til eins sólarhrings í senn til karlmannna, sem oftast fengu kvenfólk í heimsókn til sín í herbergið, en leiga fyrir herbergið yfir sólarhringinn er talin hafa verið 80 krónur, en með þessu er ákærða talin hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind,

fyrir að hafa látið hjá líða að halda skrá um gestakomu og fyrir að hafa rekið gististarfsemi þessa án leyfis.

Ákærast því framangreind Guðný Jóhannesdóttir til að sæta refsingu samkvæmt framangreindu hegningarákvæði, 2. mgr. 12. gr. laga 59/1936 og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 21/1926, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærða er fædd 3. janúar 1909 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo að kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfum, dags. 12. og 13. september f. á., kærði barnaverndarnefnd Reykjavíkur yfir því til lögreglustjórans og sakadómarans í Reykjavík, að ákærða leigði út herbergi fyrir hermenn og kvenfólk í fylgd þeirra, oft aðeins skamma stund í senn eða hluta úr sólarhring, og væri ástæða til að ætla, að ákærða gerði sér að atvinnu lauslæti stúlkna hér í bænum. Var nú að undangengnum úrskurði húsleit gerð í híbýlum ákærðu í Bústaðahverfi 2 um kl. 22, laugardagskvöld 14. september f. á. Reyndust þá vera þar í einu herbergi 3 amerískir hermenn og 3 konur, þær A, fædd 25. ágúst 1924, B, fædd 5. febrúar 1928 og C, fædd 5. nóvember 1901. Ekkert af fólki þessu var áberandi ölvað, og allt var það í öllum fötum nema einn af hermönnum, sem lá snögglæddur á legubekk.

Eftir því sem komið hefur fram í málinu, þekkti A einn af hermönnum, og kom hann heim til hennar um kvöldið með öðrum hermanni. Rétt á eftir kom B einnig til A. Þau fóru síðan niður í bæ, og bættist þá einn hermaður í hópinn, og síðan fékk A C til að koma í hópinn. Þau héldu svo öll heim til ákærðu, og þekkti A hana. B hefur borið það, að A hafi haft orð á því, að þau gætu farið til ákærðu. A hefur borið það, að það hafi annaðhvort verið hún eða hermaðurinn, sem hún þekkti, sem orðaði það fyrst, að þau skyldu fara heim til ákærðu, en hann hafi áður skýrt A frá því, að hann hefði haft á leigu herbergi í því húsi. Einhver í hópnum var með ákavitisflösku. Var flaskan tekin upp og neytt af áfenginu. Konunum ber saman um, að ekkert hafi verið sungið eða dansað og enginn hermanna hafi gerzt ástleitinn. Þau höfðu verið þarna í nokkurn tíma, þegar húsleitinn var gerð, og hurfu þau á brott úr húsinu eftir hana um kl. 22.30.

Þorkell Kristjánsson, fulltrúi barnaverndarnefndar, vakti athygli nefndarinnar á því, að í Bústaðahverfi 2 væri íverustaður hermanna og stúlkna. Hefur hann borið það, að leigubifreiðarstjóri einn hafi skýrt honum frá því, að hann hefði ekið hermönnum og íslenzkum stúlkum þangað, auk þess sem hann (Þorkell) kveðst sjálfur hafa komið að þessu.

Magnús Vilhelm Jóhannesson, yfirframfærslufulltrúi Reykjavíkurbæjar, hefur með höndum leigu á íbúðum í Bústaðahverfi fyrir

hönd bæjarins. Hefur Magnús Vilhelm borið það, að hann hafi heyrt það utan að sér, að hermenn hefðu á leigu herbergi í Bústaðahverfi 2 og kæmu ungar stúlkur þangað. Skýrði hann formanni barnaverndarnefndar frá þessu.

Tryggvi Friðlaugsson lögregluþjónn hefur átt heima í Bústaðahverfi 3 nokkur ár. Hann hefur borið það, að s.l. sumar hafi hann séð hermenn þar nokkrum sinnum inn á Bústaðahverfi 2 og í nokkur skipti með stúlkur. Þetta hefur verið síðari hluta dags. Hann hefur ekki getað borið um dvalartíma stúlnanna í húsinu eða hvort stúlkur hafi verið þar að næturlagi með hermönnum, og hann hefur ekki heldur getað borið um aldur stúlnanna. Einu sinni kveðst hann hafa séð hermannaþessa fyrir utan húsið um kl. 3 að nóttu. Hann hefur ekki heyrt hávaða eða ólæti úr húsinu.

Framburður ákærðu er þessi:

Undanfarin 7 ár hefur hún haft á leigu 2 herbergi og eldhús í Bústaðahverfi 2, sem er hús, sem setuliðið reisti á ófriðarárunum. Leigusali hefur verið húsaleigunefnd og nú seinast Reykjavíkurbær. Hún bjó þarna í mörg ár með manni að nafni Hávarður Karl Reimarsson, en hann fór að fullu úr íbúðinni fyrir tveimur árum síðan. Um tíma greiddi ákærða 150 kr. í húsaleigu á mánuði, lengst af enga, og nú hefur húsaleiga verið felld niður. Ákærða hefur eignast fjögur börn með Hávarði Karli, og eru þau fædd 1940, 1944, 1946 og 1947. Öll börnin hafa verið hjá ákærðu, sem hefur orðið að sjá fyrir þeim. Hún hefur ekki getað unnið úti í bæ vegna barnanna, og hefur hún því reynt að vinna fyrir þeim og sér með heimavinnu. Hefur hún hnýtt net heima hjá sér, þó að það hafi verið erfitt sakir þess, að hendur hennar eru nokkuð krepptar. Hefur hún haft nokkrar tekjur af hnýtingu neta, en þær hafa þó ekki nægt fyrir framfærslu hennar og barnanna. Á hinn bóginn hefur ákærða ekki viljað þiggja neinn styrk af því opinbera.

Ákærða tók því það til bragðs að fylla upp í dyr milli herbergjanna í íbúð sinni, og í júlí s.l. fór hún að leigja út annað herbergið, en hætti því að fyrirlagi barnaverndarnefndar, nokkrum dögum áður en kært var út af málinu. Það var ekki ætlun ákærðu að leigja herbergið út „fast“, eins og hún hefur komið að orði, heldur hafði hún hugsað sér að hafa aðgang að því á daginn, þegar enginn væri í því. Hún þekkti konu eina, Arndísi Þórðardóttur, Ránargötu 50, sem leigði herbergi út frá hóteli. Ákærða hafði ekki síma og gat því ekki leigt herbergi sitt beint í sambandi við hótél. Samdíst svo um með þeim Arndísi, að hún vísaði mönnum, sem hún gat ekki leigt herbergi, til ákærðu. Ákærða heldur þó, að þegar fram í sótti hafi menn fengið herbergi á leigu, sem höfðu heyrt hjá öðrum en Arndísi, að hún leigði út herbergi. Arndís Þórðardóttir hefur staðfest það, að ákærða hafi bedið hana að vísa til sín leigjendum, sem

hún yrði að vísa frá sér, og kveðst Arndis hafa litlu síðar vísað leigjendum tvisvar sinnum til hennar.

Í herbergi því, sem ákærða leigði út, voru tveir dívanar fyrir utan borð og stóla. Venjulega leigði hún herbergið út tveimur mönnum, sem saman voru. Var leigan 40 krónur fyrir manninn yfir nóttina, og var leigan venjulega greidd fyrirfram, en þó stundum morguninn eftir. Leigjendurnir voru mestmegnis hermenn, en einnig stundum Íslendingar. Ákærða hélt ekki neina skrá yfir leigjendurna og spurði þá ekki einu sinni um nöfn sín. Það var aðeins í eitt skipti, sem leigjandi var tvær nætur í röð í herberginu, en það kom fyrir, að sömu leigjendurnir komu og fengu leigt herbergi aftur og jafnvel nokkrum sinnum á nokkrum tíma, og voru það einkum hermenn. Herbergið var alltaf tekið á leigu um helgar, en aldrei á mánudögum og þriðjudögum, en aðra vikudaga var það upp og ofan. Flestir leigjendurnir komu nokkru eftir hádegi til að tryggja sér herbergið næstu nótt. Sagði ákærða þeim þá, að hún mundi loka húsinu kl. 23, og voru þeir þá jafnan komnir fyrir þann tíma og aldrei síðar en kl. 23.30. Það kom fyrir, að fólk barði að dyrum eftir miðnætti og bað um að fá herbergi á leigu, en ákærða vísaði slíku fólki á burt.

Þá kom oft fyrir á daginn, að leigjendur herbergisins komu með gesti og buðu þeim inn í herbergið. Ákærða hefur staðhæft, að þetta hafi aldrei komið fyrir að næturlagi eða eftir kl. 23.30 og að gestirnir hafi aldrei dvalizt fram eftir nóttu. Gestirnir voru oftast stúlkur, og voru þær yfirleitt fullorðnar, og heldur ákærða, að hin yngsta hafi verið 19 ára. Man ákærða sérstaklega vel eftir þessari stúlku, sem var lítið eitt undir áhrifum áfengis, og kvaðst hún eiga lítið barn og vera 19 ára. Oftast voru tvær stúlkur saman og stundum ein með tveimur leigjendum, og minnst ákærða þess ekki, að ein stúlka kæmi í heimsókn til eins leigjanda aðeins. Ákærða skipti sér ekki af þessum gestum leigjenda sinna eða hve lengi þeir dvöldust hjá þeim um daginn. Hún minnst þess, að tvisvar sinum höfðu leigjendur, sem voru hermenn og komu með stúlkur í herbergið, haft áfengi meðferðis, en annars varð hún ekki vör við vindrykkju leigjenda sinna eða hávaða frá þeim eða gestum þeirra.

Ákærða kveðst aldrei hafa vitað til þess eða haft pata af því, að leigjendur herbergisins hefðu samfarir við stúlkur, sem komu til þeirra, eða að lauslæti ætti sér stað. En hún hefur tekið fram, að hún hafi aldrei skipt sér neitt af leigjendunum eða gestum þeirra og ekki verið að aðgæta sérstaklega, hvað gerðist í herberginu. Hún kveðst aldrei hafa hugsað um það, hvort samfarir eða lauslæti ætti sér stað í herberginu, en aðeins verið sannfærð um, að það væri löglegt að leigja herbergið út á greindan hátt.

Dómarinn verður að líta svo á, að ekki sé næg sönnun fengin fyrir því, að lauslæti hafi átt sér stað í herbergi því, sem ákærða leigði

út af íbúð sinni í Bústaðahverfi 2. En 1) framangreindur háttur ákærðu á útleigu herbergisins aðeins til einnar nætur í senn, stundum til Íslendinga, en mestmegnis til hermanna, án þess að halda skrá yfir þá eða spyrja þá um nafn sitt, 2) upphæð leigu eftir herbergið og loks 3) tíð samdvöl stúlkna og leigjenda þar, sem ákærða skipti sér ekkert af, sýna ótvírætt hjá ákærðu ásetning í verki, sem miðar að því að gera sér lauslæti annarra að tekjulind í skilningi 206. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Samkvæmt þessu hefur ákærða gerzt brotleg gegn 206. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., hegningarlaganna. Þá þykir hún einnig hafa brotið gegn 10. gr., sbr. 12. gr., 2. mgr., laga nr. 50 23. júní 1936 með því að halda eigi skrá um leigjendur hins umrædda herbergis. Á hinn bóginn verður ákærða ekki talin hafa gert sér gisti-húsa-hald að atvinnu, og því hefur hún ekki brotið gegn 2. gr., sbr. 15. gr., 1. mgr., laga nr. 21 15. júní 1926. Þykir refsing ákærðu með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, en rétt þykir eftir atvikum að ákveða, að refsingunni skuli fresta og hún falla niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla hegningarlaganna verða haldin.

Atvik í máli þessu þykja ekki vera slík, að næg ástæða sé til þess að svipta ákærðu réttindum samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna.

Ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 600.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu í málinu, sakir þess að rétt þótti að láta hana verða samtímis dómsuppsögu í öðru svipuðu máli svo og sakir lasleika dómarsans.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærða, Guðný Jóhannesdóttir, sæti fangelsi í 45 daga, en fresta skal refsingunni og hún falla niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 verða haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 600.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.